

Sp.

65. Fyrirspurnir.

[62. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um eftirlit með veiðarfærabúnaði erlendra fiskiskipa við Ísland.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd reglugerðar nr. 263 frá 3. desember 1970 um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu?
 - a) Hversu mörg skirteini eftirlitsmanna, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, hafa verið gefin út, hvenær voru þau gefin út og hverjir hafa þau með höndum?
 - b) Hversu oft hefur verið farið um borð í erlend fiskiskip við Ísland skv. ákvæðum 8. gr. til þess að kanna búnað veiðarfæra, hverra þjóða hafa þau skip verið og hver urðu málalok? Sérstaklega er spurt um þessa framkvæmd á árunum 1972, 1973 og það sem af er árinu 1974.
 - c) Hafa íslenskir eftirlitsmenn verið hindraðir í störfum sínum og ef svo er, hver hafa þá verið viðbrögð stjórnvalda?
2. Hefur verið farið um borð í erlend fiskiskip innan 50 mílna lögsögunnar eða í höfnum á Íslandi í þeim sérstaka tilgangi að kanna, hvort um löglegan búnað veiðarfæra sé að ræða? Ef svo er, þá hversu oft og hverra þjóða hafa þau skip verið? Sérstaklega er spurt um framkvæmd þessa á árunum 1972, 1973 og það sem af er árinu 1974.

II. Til félagsmálaráðherra um frumvarp til laga um atvinnulýðræði.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvernig miðar störfum nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði 30. ágúst 1973 til þess að semja frv. til laga um atvinnulýðræði?
2. Er þess að vænta, að ríkisstjórnin leggi slíkt frumvarp fyrir þing það, sem nú situr að störfum?